

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps

Gauti Jóhannesson

Bakka 1
765 Djúpivogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. mars 2015
UST201502-552/K.S.J.

**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.
Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Teigarhorns í Djúpavogshreppi.**

Vísað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 og lýsingu tillögu að deiliskipulagi Teigarhorns í Djúpavogshreppi.

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.


Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið með aðalskipulagsbreytingunni, er fram koma í lýsingunni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við áætlanir um framkvæmdir s.s. framkvæmdir vegna göngustíga og vegna aðkomu akandi umferðar o.fl. þá verði þess gætt að framkvæmdir falli vel að umhverfinu og að forðast verði allt óþarfa rask.


Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Teigarhorns í Djúpavogshreppi.

Í lýsingu deiliskipulags er farið yfir helstu markmið deiliskipulagsins. Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið nema þar sem segir stefnt sé að því að skapa forsendur fyrir margvíslega atvinnustarfsemi s.s. gistingu. Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi það að stefnt sé að gistingu. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við önnur markmið í sama lið.

Umhverfisstofnun bendir á að allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri